



Útdráttur af tillögum fræðslunefndar um uppbyggingu í skólamálum, samþykktar á fundi 11.febrúar 2014. Bæjarstjórn tekur tillögurnar fyrir á fundi sínum þann 26.febrúar næstkomandi.

Úrlausnir við Varmárskóla haustið 2014

- Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að byggðar verði tvær nýjar færanlegar kennslustofur og þær settar upp á skólalóð Varmárskóla til að koma til móts við fjölgun nemenda í skólanum á næstu tveimur árum. Í fyrri áætlunum hefur komið fram að hugsanlega þyrfti að fjölga stofum á árinu 2015 og er þessari viðbót þá flýtt um ár.



Brúarland

- Upphaflega var lagt til að nota Brúarland til kennslu yngstu barnanna í haust en vegna ábendinga frá starfsmönnum Varmárskóla og foreldrum m.a. með undirskriftarlistum hefur verið fallið frá þeim hugmyndum.



Frekari úrlausnir haustið 2015

- Fræðslunefnd leggur til að kannaðir verði möguleikar á að stækka Krikaskóla. Í því ferli verði jafnframt könnuð áhrif þess á tímasetningar á byggingu Helgafellsskóla.

Horft lengra fram í tímann

- Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn Mosfellsbæjar að hafinn verði undirbúningur að nýjum skóla sem rísa á í Helgafellslandi í samræmi við samantekt sem lögð var fram á fundinum. Undirbúningurinn skuli taka mið af uppbyggingu og fjölgun íbúa í Helgafellslandi næstu misserin. Jafnframt verði skoðaður enn frekar sá möguleiki að skóli rísi við Sunnukrika og taki skoðunin mið af skipulagslegum, fjárhagslegum og faglegum forsendum.





Úrlausnir við Lágafellsskóla

- *Stofnað verður útibú Lágafellsskóla sem verður staðsett við Æðarhöfða á því svæði sem leikskólinn Höfðaberg stendur nú. Fræðslunefnd leggur til að hafin verði bygging nýs varanlegs skólahúsnæðis fyrir útibúið.*
- *Í útibúinu verði rekið skólastarf fyrir 5, 6 og 7 ára börn við fyrsta flokks aðstæður. Starfsemin verður sjálfbær að eins miklu leyti og hægt er þ.m.t. sérgreinar og frístund.*
- *Haustið 2014 verður tekið á mót 5 og 6 ára börnum. Þar til nýja húsnæðið verður tekið í notkun verða færanlegar skólstofur sem nú eru staðsettar á skólalóð Lágafellsskóla tengdar við stofurnar sem nú mynda Höfðaberg og verða nýttar fyrir hina nýju skóladeild þar til haustið 2016.*



Horft lengra fram í tímann

- Þessi lausn mála við Lágafellsskóla er hugsuð til nokkurra ára. Þegar fer að fækka í hverfinu eins og spár segja til um þá verður hægt að taka nýja húsnæðið í notkun sem leikskóla sem tilheyrir vestursvæðinu og að hluta til Blikastaðalandinu þegar uppbygging hefst þar. Þá flytjast 1. og 2. bekkur að nýju inn í Lágafellsskóla.



Samtalið heldur áfram

Uppbygging skóla og skólamannvirkja í stækkandi sveitarfélagi eins og Mosfellsbæ verður áfram á dagskrá. Framundan er að útfæra niðurstöðurnar enn frekar með tilliti til innra starfs skólanna og suma valkosti í uppbyggingaráformum þarf að kanna nánar.

Mikilvægt í þessari umræðu er að hafa þarfir barna í huga og að þeirra upplifun af skólastarfinu sé jákvæð. Það verður best tryggt með góðu samstarfi allra aðila.

Samstarf íbúa og bæjaryfirvalda í ákvörðunum sem þessum er æskilegt og mikilvægt. Aldrei verður þó hægt að koma til móts við öll sjónarmið þrátt fyrir einlægan ásetning til þess.

Mosfellsbær þakkar öllum er komu að tillögum og ábendingum til fræðslunefndar í þessu langa og lærdómsríka samráðsferli sem nú er komið á ákveðin tímamót.



Samantekt á því samráðsferli sem farið hefur fram síðasta árið.

**Febrúar
2013**

Samþykkt fræðslu-
nefndar um
að hefja
undirbúning
að byggingu
tveggja
skóla.

Mars 2013

Fundir haldnir
með
skólasamfélaginu
og foreldrum á
Vestursvæði.
Ýmsar leiðir
ræddar.

Apríl 2013

Könnun gerð
meðal
foreldra og
deiliskipulags-
breytingar
auglýstar.

Mái 2013

Skólalæing-
Stefnumót
við
fram tíðina.

**September
2013**

Skýrsla um
fram tíð
skólauppbygg-
-ingar í
Mosfellsbæ
kynnt fyrir
skóla-
stjórnendum
og fulltrúum
foreldra.

**Nóvember
2013**

Skýrsla um
fram tíð skóla-
uppbyggingar
birt á
heimasíðu og
öllum boðið
að koma með
ábendingar.

**Nóvember
2013**

Skólalæing.

Janúar 2014

Tillögur lagðar
fyrir
fræðslunefnd

**Janúar
2014**

Fundir
með
foreldra-
félögum
leik- og
grunnskóla

**Janúar
2014**

Fræðslu-
nefnd
leggur fram
tillögur til
bæjar-
stjórnar.